

Nd.

278. Frumvarp

til laga um lækkun vaxta.

Flm.: Haraldur Guðmundsson, Héðinn Valdimarsson, Vilmundur Jónsson.

1. gr.

Engir bankar, sparisjóðir eða aðrar peningastofnanir, sem rétt hafa til sparisjóðsstarfsemi, mega greiða hærri vexti en lög þessi ákveða. Gildir þetta jafnt, hvort sem um er að ræða fé í venjulegum viðskiptabókum stofnunarinnar, á innláns-skirteinum, hlaupareikningi eða til ávöxtunar á annan hátt.

2. gr.

Hámark vaxtanna skal vera:

- a. af innstæðufé í viðskiptabókum $2\frac{1}{2}\%$ á ári,
- b. af innláns-skirteinum til 6 mánaða eða lengri tíma 3% á ári,
- c. af innstæðufé á hlaupareikningi 2% á ári.

3. gr.

Ríkisstjórnin skal gera ráðstafanir til þess, að útlánsvextir peningastofnana þeirra, er starfa með innstæðufé, lækki tilsvarendi við lækkun innláns-vaxta, svo fljótt sem verða má og eigi síðar en frá 1. júlí 1933, og er henni heimilt að ákveða hámark útlánsvaxta fyrir hinar einstöku peningastofnanir, ef þörf gerist.

4. gr.

Frá þeim tíma, er útlánsvextir peningastofnana hafa verið ákveðnir samkv. 3. gr., er og öðrum óheimilt að taka hærri vexti af tilsvarendi lánum en peningastofnunum hefir verið heimilað.

5. gr.

Nú hefir peningastofnun tekið við fé til ávöxtunar á innláns-skirteini eða á annan hátt með sérstökum samningi, áður en lög þessi öðlast gildi, með hærri vöxtum en í 2. gr. segir, og skulu þeir þá standa óhaggaðir til næstu gjalddaga, þó eigi lengur en 6 mánuði frá því lög þessi öðlast gildi.

6. gr.

Brot gegn lögum þessum varða sektum frá 10000—100000 kr. Mál, sem rísa kunna út af lögum þessum, skulu sæta meðferð almennra lögreglumála.

7. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi og gilda til 1. júlí 1935.

Greinargerð.

Nauðsyn ber til þess að lækka útlánsvexti, en slíkt verður eigi gert án þess vextir af innstæðufé jafnframt séu lækkaðir. Þykir flm. réttara, að Alþingi ákveði hámark innlánsvaxta fyrir ákveðið árabil, 2 ár samkv. frv., en að leggja sökið ótímabundið á vald stjórnarinnar. Hinsvegar þykir rétt að ætla stjórninni að ákveða hámark útlánsvaxta til samræmis við innlánsvextina.

Innstæðufé bankanna pr. $3\frac{1}{2}$ 1932 var sem hér segir:

Landsbankans:

a. Sparisjóður og innlán	kr. 34355 þús.	
b. Hlaupareikningar	— 6300 —	
		————— kr. 40655000.00

Útvegsbankans:

a. Sparisjóður og innlán	kr. 4360 þús.	
b. Hlaupareikningar	— 1750 —	
		————— 6110000.00

Búnaðarbankans:

a. Sparisjóður og innlán	kr. 1650 þús.	
b. Hlaupareikningar	— 270 —	
		————— 1920000.00

Samtals kr. 48685000.00

Innstæða í sparisjóðum pr. $3\frac{1}{2}$ 1929 var

— 8645000.00

—————
Alls. kr. 57330000.00